

Kæra frú konuforseti,
virðulega samkoma og
öll þið hin gáfuðu dýrin nær og fjær.

Ég er innilega hræð og þakklát og smá ringluð yfir því að hljóta þennan hrafn, fyrir einmitt þessa bók. Þessi saga stendur mér mjög nærri, en sterkasta minningin úr vinnuferlinu er eins ólík þessu augnabliki hér og hugsast getur. Ég er himinlifandi yfir því að standa hér og fá tækifæri til að þakka fyrir mig.

Þessi bók væri ekki til nema fyrir tilstilli bókaforlagsins míns Angústúru, né Tjarnarinnar sjálftrar sem "fannst" í garðinum.

Ég deili tjörninni með öðrum,
rétt eins og við deilum görðunum okkar og náttúrunni með ótal tegundum lífvera sem við eigum til að gleyma, eða taka sem gefnum.
En þær skipta allar máli.

Mig langar samt að tileinka þessi verðlaun einni ákveðinni tegund,
og nei, í þetta sinn er það er ekki villti laxastofninni né hvalir, heldur *vinir*.

Og þá meina ég alls konar vinir, því vinir og vinatengsl eru margvísleg:
Sumir vinir eru með vængi
og sumir vinir eru með rófu,
sumir vinir manns eru líka nágrannar manns
og sumir vinir eru mömmur manns, og pabbar, sonur og systir.
Sumir vinir eru samstarfsfólk og ráðgjafar, kunningjar og kennarar og allar konurnar í útiklefanum,
sumir vinir leggja mann á gaddamottu og smyrja ofan í mann brauð,
sumir vinir koma manni á óvart með geisladiski með Julio Iglesias í hörskyrту,
sumir vinir hjálpa manni að smíða sér vængi svo maður þori að tala svona fyrir framan fólk, í beinni.
Sumir vinir segja stopp, hingað og ekki lengra, nú verður þú að fá þér ný gleraugu af því þessi gömlu passa ekki við svart.
Sumir vinir eru alltaf til í að lána manni bilinn sinn, opna rauðvínsflösku, deila súkkulaði.
Sumir vinir eru bara þriggja ára og enn aðrir nýfæddir,
sumir vinir eru dánir en lifa hérna uppi, í minningunni.
sumir vinir eiga heima langt í burtu en það skiptir engu máli, þau eru samt vinir
sumir vinir eru bara augnabliks toppönd í Vatnsmýrinni
eða könguló í hurðarkarminum.

Mig langar að þakka öllum þessi vinum – og bjóða ykkur að skála við mig heima hjá mér á eftir –
og svo vil ég líka þakka ykkur sem eruð ekki ennþá vinir mínir,
en eruð vinir einhverra annarra en mín.

Af því að án vina er ekki neitt, án vina væri engin bók í heiminum til,
allavega alls engar góðar bækur.

Takk.